

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 19. maí. 2015, kl. 17:30. Fundur, nr. 750
Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Guðrún, Jóhannes Gísli, Sigrún, Sigurður, Þorgerður og Þorsteinn.

- 1) Bjarnveig setti fund kl. 17:30
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
 - a) Bréf dagsett 27. apríl, frá UMFÍ: Umsóknir fyrir 7. Landsmót UMFÍ 50+ 2017 og 21. Unglingalandsmót UMFÍ
 - b) Bréf dagsett 18 maí, frá UMFÍ. Þar sem óskað er eftir einstaklingum í Unglinganefnd. Lagt fram til kynningar.
- 4) Ársþing UMSE.
 - a) Þinggerð þingsins lögð fyrir fundinn og samþykkt af stjórn. Framkvæmdastjóra falið að senda þinggerðina til aðildarfélaganna.
- 5) Fundir með sveitarfélögum vegna samninga.
 - a) Dalvíkurbyggð
 - i) Erindi UMSE var tekið fyrir á 68 fundi íþróttá- og æskulýðsráðs Dalvíkurbyggðar 5. maí. Eftirfarandi kemur fram í bókun fundarins:
3. 201504121 - Langtímasamningur við UMSE
Tekið fyrir erindi frá UMSE dagsett 27. apríl 2015. Þar óskar UMSE eftir því við Dalvíkurbyggð að gerður verði langtímasamningur við UMSE, er þetta liður í því að UMSE sækist eftir gæðavottun frá ÍSÍ sem Fyrirmyndahérað ÍSÍ. UMSE hefur falið framkvæmdarstjóra að vera fulltrúi UMSE og er jafnframt óskað eftir því að fyrsti fundur varðandi viðræður fari fram fyrir lok maí. Einnig kemur fram í erindinu að UMSE hefur markað sér stefnu sem var samþykkt á síðasta ársþingi UMSE. Stefnan er einnig lögð fram til kynningar.
Íþróttá- og æskulýðsráð fagnar því að UMSE hafi lokið stefnumótunavinnu og telur æskilegt að gera samning til 4 ára við UMSE líkt og við íþróttafélög í Dalvíkurbyggð. Íþróttá- og æskulýðsráð samþykkir að boða framkvæmdarstjóra á næsta fund ráðsins sem haldinn verður í byrjun júní. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúa falið að vinna drög að samningi við UMSE í samráði við framkvæmdarstjóra UMSE.
 - ii) Framkvæmdastjóri átti undirbúningsfund með íþróttá- og æskulýðsfulltrúa Dalvíkurbyggðar. Farið yfir drög að samningi sem sendur var til stjórnar ásamt fundarboði. Samningurinn ræddur og fundarmenn komu athugasemdum sínum á framfæri.
 - b) Eyjafjarðarsveit
 - i) Erindið verður tekið fyrir á fundi íþróttá- og tómsfundanefndar Eyjafjarðarsveitar 21. maí.
 - c) Svalbarðsstrandarhreppur
 - i) Erindi verður tekið fyrir í Sveitastjórn Svalbarðsstrandarhrepps í næstu viku.
 - d) Hörgársveit
 - i) Erindið verður tekið fyrir í Sveitarstjórn Hörgársveitar 21. maí.

- 6) Stofnun forvarnar- og fræðslunefndar.
 - a) Nefndina munu skipa:
 - i) Karl Frímannsson, Umf. Samherjum.
 - ii) Lilja Björk Reynisdóttir, Hestamannafélaginu Hring.
 - iii) Gísli Bjarnason, Golfklúbbum Hamri.

- 7) Skipan nefnda.
 - a) Nefndir:
 - i) Frjálsíþróttanefnd.
 - ii) Knattspyrnunefnd.
 - iii) Borðtennisnefnd.
 - iv) Sundnefnd.
 - (1) Hólmfríður Gísladóttir, Sundfélaginu Rán.
 - (2) Anna Rún Kristjánsdóttir, Sundfélaginu Rán.
 - v) Badmintonnefnd.
 - vi) Hestaíþróttanefnd.
 - (1) Guðrún Rut Hreiðarsdóttir, Hestamannafélaginu Hring.
 - vii) Blaknefnd.
 - viii) Unglingalandsmótsnefnd.
 - (1) Haraldur Helgi Hólmfríðarson, Umf. Þorsteini Svörfuði.
 - (2) Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE.
 - (3) Þorsteinn Marinósson, framkvæmdastjóri UMSE.

Framkvæmdastjóri hefur sent bréf til aðildarfélaganna þar sem óskaði er eftir tilnefningum í nefndir. Samþykkt að ítreka beiðni til aðildarfélaganna um að tilnefna öfluga nefndarmenn til starfa í þeim nefndum sem eftir er að manna.

Starfsskýrsluskil á Felix.

- b) Enn eiga nokkur aðildarfélög eftir að skila starfsskýrslum í Felix. Búið er að senda ítrekun á aðildarfélögin þar sem upplýst er um heimild ÍSÍ til að leggja á keppnisbann vegna vanskila.
- 8) Önnur mál.
 - a) Þorsteinn sagði frá áttakinu „Fjölskydan á fjallið” sem UMFÍ stendur fyrir á komandi sumri. Samþykkt að framkvæmdastjórinn sendi aðildarfélagunum póst með hvatningu um að taka þátt í verkefninu.
 - b) Ráðningarsamingur við framkvæmdastjóra. Lagður fyrir fundinn og samþykktur af stjórn með fyrirvara um að verkalýðsfélagið samþykki samninginn.
 - c) Landsmótssjóður UMSE 2009.
 - i) 10 umsóknir hafa borist sjóðnum frá 5 aðilum.
 - ii) Sjóðstjórnina skipa.
 - 1) Sigurður Eiríksson, tilnefndur af stjórn.
 - 2) Jóhanna Gunnlaugsdóttir, kjörin á ársþingi UMSE.
 - 3) Hreinn Hringsson, kjörin á ársþingi UMSE.
 - d) Greiðsla kostnaðar við þátttöku á þingi SKÍ.

- i) Kostnaður nam 68.059 kr kvittanir frá Formanni Skíðafélags Dalvíkur lagðar fram. Áður hafði verið samþykkt af stjórn að greiða kostnað vegna þátttöku á þinginu.
 - e) Jóhannes Gísli tjáði sig um heimasíðu Umf Smárans. Málin rædd, Þorsteinn sagði að hugsanlega mætti gera einhverjar breytingar. Sigurður lagði til að hvetja ætti alla til að deila viðburðum og myndum aðildarfélaganna inn á facebook og Twitter # UMSE.
 - f) Sigurður sagði frá gagnlegri ferð sem hann og framkvæmdastjórinn fóru í til Danmerkur, ferðin var farin á vegum UMFÍ.
 - g) Til stendur að keppendur frá UMSE taki nú í sumar þátt í Gautaborgarleikunum, stærsta frjálsíþróttamóti í Skandinavíu. Þorgerður sagði frá því að afgangur hefði orðið af fjáröflun fyrir síðustu Gautaborgarferð. Samþykkt að leggja afganginn inná reikning og nota til komandi Gautaborgarferðar.
 - h) Framkvæmdastjóri sagð frá því að Hvítasunnublómasalan væri í góðum farvegi, blómin verða keypt af Húsasmiðjunni. Þorsteinn sendir út póst til aðildarfélga með frekari upplýsingum vegna blómasölnunar.
- 9) Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 9. júní kl:17:30 Sigurður kemur með veitingar.
- 10) Fundi slitið kl; 18:54.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
